

laun verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250 krónur til hvors.

Í málinu hefur áður verið gerð grein fyrir drætti þeim, sem á því hefur orðið.

Dómsorð:

Ákærðu, Jónas Þorbergsson og Jón Alexandersson, skulu vera sýknir af ákærum í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250 krónur til hvors.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 94/1952.

Ákærvaldið (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Guðmundi Guðmundssyni
(Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot á lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Húsgagnagerð í trésmiðju ákærða er með þeim hætti, að unnið er samtímis að smíði mikils fjölda húsgagna af sömu tegund. Er mestur hluti smíðarinnar framkvæmdur með vélum. Verkaskipting er mikil með starfsmönnum ákærða. Vinnur hver starfsmaður aðeins lítinn hluta af smíði hvers húsgagns, og stendur vinna flestra þeirra í sambandi við vélanotkun. Þessir framleiðsluhættir þykja falla í höfuðatriðum undir ákvæði um iðju í I. kafla laga nr. 18/1927. Sumir þættir húsgagnagerðarinnar eru þó lítt eða ekki unnir með vélum. Þannig er háttað störfum þeirra Júlíusar Guðmundssonar, Jóns Jóhannssonar, Harðar Ólasonar, Sigurðar Ingvars Jónssonar og Guðjóns Magnússonar. Er störfum þeirra lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er ekkert í ljós komið, er hrindi því álitu héraðsdóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að

krefjast verði sérnáms af mönnum, er slík störf stunda, samkvæmt II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936. Þá má og fallast á það álit héraðsdóms, að bólstrunarstörf þeirra Víglundar Gíslasonar og Ásgeirs Jónssonar í trésmiðju ákærða falli undir síðastnefnd lagaákvæði um handiðnað. Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms verða hins vegar störf þeirra Magnúsar Jónassonar, Björns Magnússonar, Gunnars Braga Salómonssonar og Þorgríms Guðnasonar ekki talin til handiðnaðar.

Samkvæmt því, er að framan segir, hefur ákærði brotið ákvæði 14., sbr. 13. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 105/1936. Hinir óiðnlærðu menn, sem starfað hafa hjá ákærða andstætt ákvæðum laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, hafa unnið í trésmiðju hans óátalið um langan tíma. Ákærði gat og verið í óvissu um það, að starf sumra þeirra væri ólögmaett, sbr. 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessu þykir sekt ákærða samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927 hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Og með því að fallast má á ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til, þó svo að í stað sektarinnar komi varðhald 5 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að í stað sektarinnar komi varðhald 5 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1952.

Ár 1952, laugardaginn 26. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómará, ásamt meðdómsmönnum Birni Rögnauldssyni og Sveini Björnssyni kveðinn upp dómur í málinu nr. 1265/1952: Ákærvaldið gegn Guðmundi Guðmundssyni, sem dómtekið var 9. apríl s.l.

Með ákærskjali, dagsettu 18. desember 1951, er Guðmundur Guðmundsson forstjóri, Viðimel 31, hér í bæ, ákærður fyrir brot á iðnlöggjöfinni samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927, 14. gr., sbr. 13. gr., sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 105/1936 og reglugerð um iðnaðarnám nr. 38/1941, 1. gr. og 13. gr., sbr. reglugerð nr. 100/1942. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að láta vinna að húsgagnabólstrun í Trésmiðjunni Viði h.f. tvo ófaglærða menn, Víglund Gíslason og Ásgeir Jónsson, og við húsgagnasmíði í sama fyrirtæki 9 ófaglærða menn, þá Björn Magnússon, Júlíus Guðmundsson, Braga Salómonsson, Jón Jóhannsson, Hörð Ólason, Magnús Jónasson, Sigurð Jónsson, Guðjón Magnússon og Þorgrím Guðnason.

Er ákærði Guðmundur Guðmundsson ákærður til refsingar samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927, 27. gr. og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. júní 1910 að Öfundarholti í Villingaholtshreppi í Árnassýslu, og hefur hvorki sætt kæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 14. apríl 1951, kærði Þorsteinn Löve eftirlitsmaður fyrir hönd meistarafélags og sveinafélags bólstrara í Reykjavík það til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Guðmundur Guðmundsson, hefði þá Víglund Gíslason og Ásgeir Jónsson til að bólstra húsgögn, án þess að þeir hefðu réttindi í bólstraraiðn. Með öðru bréfi, dagsettu samdægurs, kærir Þorsteinn Löve það og til sakadómarans í Reykjavík fyrir hönd húsgagnameistarafélags og sveinafélags húsgagnasmíða í Reykjavík, að ákærði láti þá Björn Ólafsson og Júlíus Guðmundsson, Braga Salómonsson, Jón Jóhannsson, Hörð Ólason, Magnús Jónasson, Sigurð Jónsson, Gunnar Magnússon, Guðjón Magnússon og Þorgrím Guðnason vinna á verkstæði sínu að Laugaveg 166 við að smíða húsgögn, án þess að þeir hafi húsgagnasmíðaréttindi.

Ákærði Guðmundur Guðmundsson viðurkenndi fyrir dómi, að framangreindar kærur væru efnislega réttar, nema að Gunnar Magnússon væri húsgagnasmíðanemi. Ákærði skýrði frá því, að árið 1944 hefði hann fengið leyfi atvinnumálaráðuneytisins til að reka húsgagnasmíðaverkstæði með 2 ófaglærðum mönnum, en ákærði vildi halda því fram, að nú væri svo komið, að leyfi þetta skipti ekki máli, þar sem um hreinan verksmiðju-rekstur væri að ræða á húsgagnaverkstæði sínu. Ákærði kvað um 36 menn vera í þjónustu sinni, þar af væru rúmir 20 með iðnréttindi, bæði sveinar og meistarar í húsgagnasmíði og húsgagnabólstrun. Ákærði kvaðst

þá ekki hafa iðjuleyfi, en hann væri í „Félagi íslenzkra iðnrekenda“. Þá skoðun sína, að starfsemi sín væri iðja (verksmiðjurekstur), vildi ákærði byggja á því, að hann framleiddi húsgögn í fjöldaframleiðslu á „lager“, en ekki samkvæmt pöntun. Var nú álits Iðnráðs leitað varðandi mál þetta. Með bréfi, dagsettu 1. júní 1951, komst Iðnráðsstjórnin að þessari niðurstöðu, er hún hafði athugað málið ásamt fulltrúum meistara og sveina í framangreindum iðngreinum:

„Þar sem ekki hefur verið um það deilt, að húsgagnasmíði og húsgagnabólstrun hafa verið lögverndaðar sem og fjöldamargar iðngreinar um margra ára bil, ber að líta svo á, að starfræksla sú, sem fram fer í fyrirtæki kærða, falli tvímælalaust undir þessar iðngreinar. Þá hefur það einnig komið í ljós, að ekkert samkomulag er um vinnu ófaglærðra manna milli kærða annars vegar og iðnfélaganna hins vegar, sem lögum samkvæmt geti réttlætt vinnu þessara manna í fyrirtækinu.

Með hliðsjón af framangreindu telur Iðnráðsstjórn kæruna á fullum rökum byggða“.

Hinn 7. maí 1951 hafði lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. Trésmiðjunnar Viðis iðjuleyfi til framleiðslu á húsgögnum og bólstruðum húsgögnum. Var leyfisveitingin byggð á því, að Trésmiðjan Viðir h.f. fullnægði þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum nr. 18 31. maí 1927, til að reka slíka iðju.

Eftir að ákærða hafði verið kynnt framangreint bréf Iðnráðs, skýrði hann nánar frá starfsemi sinni. Kvað hann mikla verkaskiptingu vera í trésmiðju sinni samfara mikilli vélanotkun. Eingöngu væru framleidd húsgög í stórum „partíum“ og á „lager“. Ákveðnir menn bútuðu efníð niður og aðrir tækju svo við því og líndu það saman. Þá færi það í vélasal og gengi á milli margra manna. Ákveðnir menn væru þar við sagir, fræsara og hefla. Úr vélasalnum færi efníð svo til bekkmanna og væri þar um mikla verkaskiptingu að ræða. Sumir mennirnir þar fengjust einungis við stólasmiði, aðrir við vissar tegundir borða, þá væru enn aðrir, sem smíðuðu það, sem á að fara undir málningu, og enn aðrir það, sem á að fara undir póleringu. Frá bekkmönnunum fara hlutirnir í lakk-sprautingu. Við hana fengjust 2 menn, báðir ófaglærðir og gerðu ekki annað. Maður sá, sem póleraði húsgögnin, gerði ekki annað. Þá væru sérstakir menn, sem gengju frá hlutunum síðast, t. d. settu hurðir á hjarir, tippi á skúffur og gengju frá skrám. Ákveðnir menn væru svo við að búa um húsgögnin og aka þeim á brott. Ákærði hélt því fram, að fjöldaframleiðslan hjá sér lækkaði verð á húsgögnum um þriðjung og allt að helmingi, miðað við aðra húsgagnaframleiðendur hér í bæ. Að lokum kvað ákærði vera um hliðstæða verkaskiptingu hjá sér að ræða í húsgagnabólstruninni og húsgagnasmíðinni.

Þorsteinn Löve mætti sem vitni í máli þessu og var kynntur framburður ákærða. Kvaðst vitnið hafa orðið vart við nokkra verkaskiptingu í trésmiðju ákærða, en vildi draga í efa, að hún væri svo mikil sem ákærði vildi vera láta. Vitninu sagði svo hugur um, að það væri ekki eins algengt og ákærði vill vera láta, að hlutirnir gengju milli margra manna, heldur væri það svo, að hver maður ynni að mjög miklu leyti að því að fullsmíða

hlutina. Vitnið benti á það, að pólering sé eitt vandasamasta starfið við fínsmíðuð húsgögn. Við póleringu verði ekki komið við neinni vélanotkun. Er vitnið kom í trésmiðju ákærða, var ófaglærður maður þar að pólera húsgögn.

Eftir að ákæra dómsmálaráðherra barst til dómsins, fól dómariinn þeim Helga Hallgrímssyni og Hjalta Geir Kristjánssyni húsgagnaarkitektum að framkvæma skoðun á Trésmiðjunni Viði h.f.

Leiddi skoðun þeirra þetta í ljós:

1. Ákærði framleiðir í trésmiðju sinni alls konar húsgögn, svo sem stóla, borð, ýmsar gerðir skápa, bólstruð húsgögn af ýmsum tegundum, svefnherbergis- og borðstofusamstæður og skrifborð. Húsgögn þessi eru ýmist búin til úr furu undir málningu, harðvið (birki, brenni, eik) og ýmis konar tegundum krossviðs, sem bæði bónast og pólerast.
2. Vélakostur trésmiðjunnar er þessi: 1 tappavél, 2 hulsborar, 1 smergel-slípivél, 1 afréttari, 1 sambyggð vél (universal), 2 hjólsagir, 1 renni-bekkur, 2 bandslípivélar, 2 fræsarar, 1 bandsög, 1 þykktarhefill með viðbyggðum afréttara. Auk þess eru eftirtalin rafknúin handverkfæri: 4 borvélar, 1 lakkslípivél og 1 lakksprauta.
3. Starfsdeildir vinnustofunnar eru þessar og starfssvið þeirra er sem hér segir:

a. Vélasalur.

Í öðrum enda vélasals er timburgeymsla og fer þar fram niðursögun efnis. Við hana vinnur Kristján Jóseppson, sem einnig vinnur við aðrar vélar og límingar. Er efnið hefur verið sagað niður, er það flutt að afréttara og þykktarhefli. Hefur ekki komið fram, að neinn ákveðinn maður vinni við þær vélar. Ef saga á efnið meira niður en bútsög getur afkastað, þá fer það fram í bandsög. Við hana vinnur Guðmundur Ísleifsson húsa-smiður, sem einnig vinnur við aðrar vélar. Úr niðursögun og heflun fer efnið í límingu. Hana annast Guðjón Jónsson og Ingimar Jörundsson verkamenn. Auk þess annast Ingimundur niðurskurð á krossviði samfara öðrum störfum. Að límingu lokinni er efnið sagað í réttar stærðir og undirbúið fyrir fræsara og aðrar vélar. Við þetta starf vinnur aðallega Bragi Salómonsson verkamaður. Við frægingu vinnur Sveinn Helgi Sigurðsson húsgagnasmiður. Að frægingu lokinni fara hlutirnir í slípivél. Við hana vinnur Ingimundur Jörundsson verkamaður ásamt fleirum.

b. Samsetning húsgagna og önnur bekkvinnu.

Að slípun lokinni fara hlutirnir áfram til bekkvinnumanna. Samkvæmt upplýsingum, sem skoðunarmenn fengu, er verkaskiptingin hjá þeim þessi:

Að skrifborðum og svefnherbergishúsgögnum vinna aðallega Sveinn Guðmundsson húsgagnasmiður, Haukur Pálsson húsgagnasmiður og Gunnar Einarsson húsgagnasmiðanemi. Við borðstofuhúsgögn (skápa og borð) vinna mestmegnis Bjarni Einarsson húsgagnasmiður og Valdimar Jónasson húsgagnasmiður, en þeir eru þó við ýmis konar aðra bekkvinnu.

Við stólasamsetningu og slípun vinnur Jón Jóhannsson verkamaður ásamt Jóhanni Stefánssyni húsgagnasmiðanema á þriðja námsári. Við samsetningu og frágang málaðra húsgagna vinnur Magnús Jónasson verkamaður. Við vandaðri armstólagrindur vinnur Héðinn Friðriksson húsgagnasmiður, bæði vélavinnu og frágang við bekk. Við ýmis konar tegundir borða vinnur Hörður Ólason verkamaður. Guðmundur Þorgrímsson húsasmiður vinnur við samsetningu ýmis konar húsgagna (skápa o. fl.), sem eiga að málást, en hann vinnur einnig við vélar (þykktarhefil). Júlíus Guðmundsson verkamaður vinnur að miklu leyti við slípun armstóla. Úr vélasal fara vandaðri stóla- og sófagrindur til Max Jeppesen húsgagnasmiðameistara, Vigfúsar Helgasonar húsgagnasmiðs og einnig til Gunnars Magnússonar húsgagnasmiðanema á öðru námsári, sem setja þær saman og slípa fyrir bæsingu og lakkspautun.

c. Pólering, bóning og lakkspautun.

Þeir hlutir, sem eiga að pólerast, fara að lokinni bekkvinnu í lakk- og póleringarherbergi. Þar vinna Guðjón Magnússon verkamaður, Eiríkur Jensen verkamaður og Sigurður Jónsson verkamaður.

d. Bólstrun.

Við bólstrun á legubekkjum (með fjöðrum) og dýnum vinna hjá ákærða Baldur Sigurðsson verkamaður og Guðmundur Árnason verkamaður. Að bólstrun armstóla og stólasetna vinna aðallega Viglundur Gíslason og Ásgeir Jónsson, báðir verkamenn. Við bólstrun á vandaðri húsgagnasamstæðum vinnur Gunnar Mekkinósson húsgagnabólstrari.

Skoðunarmenn kváðu það hafa komið í ljós við athugun sína, að núverandi verk og verkaskipting hjá ákærða í Trésmiðjunni Víði h.f. sé í stórum dráttum mjög svipuð og almennt á sér stað hjá stærri húsgagnavinnustofum hér í bæ. Þetta skapaðist vegna þess, að meðal húsgagnasmiða séu nú almennt sérstakir menn við vélar, og undirbúa þeir verkið fyrir þá, er vinna við samsetningar og aðra bekkvinnu, þannig að verkaskipting hefur átt sér stað undanfarin ár og er í stöðugri þróun. Hefur komið til greina, að húsgagnasmiðanámi verði skipt í vélavinnu annars vegar og bekkvinnu hins vegar.

Við framhaldsrannsókn í málinu voru allir þeir ófaglærðu menn, sem í ákæruskjali greinir og til náðist, yfirheyrðir varðandi störf sín.

Viglundur Gíslason hefur starfað hjá ákærða s.l. 4 ár. Hann hefur aðallega fengist við að „stoppa“ borðstofustóla og bólstra armstóla.

Ásgeir Jónsson hefur starfað hjá ákærða síðan 1946. Hann hefur unnið að því að „stoppa“ borðstofustóla lengst af. Á síðari árum hefur hann fengist við að bólstra armstóla og dýnur fyrir ákærða.

Til Björns Magnússonar náðist ekki. Hann er hættur störfum hjá ákærða nú.

Nokkrir manna þeirra, er yfirheyrðir voru, kváðu hann hafa unnið að ýmsu hjá ákærða, m. a. verið handlangari, unnið að niðurbútun á efni, neglt saman grindur með kassajárni, unnið að límingum o. fl.

Július Guðmundsson hefur unnið hjá ákærða í 3 ár. Hafa störf hans verið í því fólgin að slípa húsgögn, að mestu í höndum, og setja saman grindur í bólstruð húsgögn.

Gunnar Bragi Salómonsson hefur starfað hjá ákærða í um fimm og hálf ár. Hann hefur aðallega unnið við hjólsög. Mælir hann efni það, er hann sagar niður, og annast hjólsögina að öllu leyti.

Jón Jóhannsson hefur starfað hjá ákærða s.l. 3 ár. Hefur hann næstum eingöngu fengizt við það að setja saman borðstofustóla. Við slípingu hefur hann hins vegar lítið fengizt, þar sem hann kvað það að mestu leyti gert í vélum. Stólar þeir, sem Jón setur saman, eru af alls konar gerðum. Eru þeir að samsetningu lokinni ýmist málaðir eða sprautaðir. Ekki eru neinar vélar notaðar við samsetningu stólanna, en allir hlutirnir í þá eru unnir í vélum.

Hörður Ólason var veikur, er dómprófin fóru fram, og hafði verið það um tíma. Jón Jóhannsson kvað störf hans hjá ákærða vera fólgin í því að setja saman ýmis konar borðstofuborð, en búið er að ganga frá hinum einstöku hlutum áður í vélum. Hann límir hina einstöku hluti saman og „pússar“ þá lítilla.

Magnús Jónasson (Jónsson í ákæruskjali) hefur starfað hjá ákærða síðan 1938. Hann hefur fengizt við það að setja saman máluð húsgögn svo sem skápa, kolla, sængurfatakassa og kommóður. Magnús hefur hins vegar yfirleitt ekki fengizt við „pússningu“. Búið er að ganga frá hlutum þeim, sem hann setur saman. Samsetningin er í því fólgin að negla og líma hlutina saman og setja á skrár og lamir.

Sigurður Ingvar Jónsson hefur unnið hjá ákærða á 4. ár. Hann fæst eingöngu við póleringu húsgagna.

Guðjón Magnússon hefur unnið hjá ákærða s.l. 6 ár. Störf hans hafa verið í því fólgin að sprauta húsgögnin lakki með rafknúinni sprautu, bæsa þau með pensli og bóna.

Þorgrímur Guðnason vann hjá ákærða í 3 ár, en hætti störfum í september s.l. Vann hann eingöngu við lakksprautingu.

Framburðir framangreindra manna voru lesnir fyrir ákærða, og hreyfði hann engum athugasemdum við þeim.

Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærða í máli þessu, að starfsemi hans væri iðja og því engin lagaleg skylda fyrir hann að hafa faglærða menn við störf. Hefur ákærði viljað byggja þetta á því, að vélanotkun væri mikil hjá sér og verkaskipting það mikil, að hver starfsmaður ynni aðeins lítinn hluta af starfinu við smíði hvers húsgagns. Þá kvað ákærði vera að ræða um fjöldaframleiðslu hjá sér á „lager“. Ákærði lagði fram iðjuleyfi frá lögreglustjóra til starfsemi sinnar. Á þessa skoðun ákærða verður ekki fallizt. Við mat á því, hvað teljist iðja og hvað iðnaður, verður að fara eftir því, hversu vandasöm hin einstöku störf eru, þ. e. hvaða þekkingu, reynslu, hugarstarfsemi, æfingu og ábyrgð starfið útheimtir og hvaða vélanotkun eigi sér stað við framkvæmd þeirra.

Við skoðun á trésmíðju ákærða kom í ljós, að við bólstrun fást að mestu leyti ófaglærðir menn. Ekki er um neina verkaskiptingu þar að ræða, að

Því er komizt varð næst, heldur lýkur hver maður við þann hlut, sem hann hefur byrjað á. Þá þykja sum þau störf í húsgagnasmíði, sem ákærði lætur ófaglærða menn vinna, vera það vandasöm og margbrotin, að þau verði ekki af hendi leyst nema með námi og langri æfingu.

Þegar þess er gætt, að bólstrun þeirra Viglunda Gíslasonar og Ásgeirs Jónssonar er bein handavinna, að engum vélum verður komið þar við og framangreindir menn ljúka að öllu leyti við hvern hlut, án þess að um verkaskiptingu sé að ræða, þá þykir þessi starfsemi vera iðnaður og ákærði hafa gerzt brotlegur gegn lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, með því að fela þeim starfann.

Störf þeirra Björns Magnússonar, Magnúsar Jónassonar, en hann setur saman einföld og óbrotin máluð húsgögn í framhaldi af vélavinnu, Gunnars Braga Salómonssonar og Þorgríms Guðnasonar hjá ákærða eru þess eðlis samkvæmt framansögðu, að ákærði þykir ekki hafa brotið gegn lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, með því að láta þá annast þau. Ber því að sýkna ákærða af ákærinni að þessu leyti.

Störf Júlíusar Guðmundssonar, Jóns Jóhannssonar og Harðar Ólasonar hjá ákærða, en menn þessir fást við samsetningu vandaðra og margbrottinna húsgagna og slípun þeirra svo og starfsemi Sigurðar Ingvars Jónssonar og Guðjóns Magnússonar, að því leyti sem sá síðarnefndi fæst við bæsing og bóningu, eru þess eðlis, að ákærði þykir hafa brotið gegn lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, með því að láta þá annast þau.

Með hliðsjón af því, að þeir ófaglærðu menn, sem ákærði er sakfelldur fyrir að hafa látið starfa hjá sér, hafa gert það um árabíl og leyst starfann á viðunandi hátt, að því er séð verður, þá þykir samkvæmt refsifyrirmælum laga nr. 18/1927, er í ákæruskjali greinir, refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Páls S. Pálssonar hdl. kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði 1000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.